

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1276
komudagur 13. 4. 2005



SÆTÚN 1 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI: 563-6450 - FAX: 563-6401 NETFANG ll@ll.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2005

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál.

Á aðalfundi Landssamtaka lífeyrissjóða, þann 10. maí 2004, komu fram óskir um það að stjórn samtakanna léti fara fram könnun á því hvaða áhrif afnám verðtryggingar gæti haft á lífeyrissjóðina. Stjórn LL leitaði til Tryggvi Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að hann tæki að sér að semja greinargerð um viðfangsefnið.

Skýrsla Tryggva kom út í nóvember á síðasta ári. Megin niðurstöður eru þær að við mikinn óstöðugleika í efnahagslífinu og tíð óvænt verðbólguþot sé líklegt að skuldunautar hagnist á því að verðtrygging sé afnumin, en að þeir tapi aftur á móti ef stöðugleiki og jöfn verðbólga ríkjja. Ekki sé ljóst hvað kæmi í stað verðtryggingar sem grunnur að vöxtum á langtímalánum, ef vísitölutenging yrði afnumin, en rétt sé þó að benda á að afnám verðtrygginga á fjárskuldbindingar myndi taka nokkra áratugi í framkvæmd, því ekki sé hægt að breyta gerðum lánasamningum auk þess sem misgengi gæti skapast á milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna. Jafnframt sé líklegt að ekki yrði hægt að fá lán til jafn langs tíma og nú er. Afnám verðtryggingar gæti einnig aukið óvissu lífeyrisþega hvað varðar kaupmátt lífeyris. Skuldbindingar sjóðanna séu verðtryggðar og ef tryggingin yrði afnumin er ljóst að hætta gæti skapast á misgengi milli eigna og skuldbindinga. Afnám verðtryggingar myndi hafa mikil áhrif á eignir íslensku lífeyrissjóðanna og þar með á eftirlaun Íslendinga í framtíðinni því sjóðirnir séu lang stærstu eigendur langtímaskuldbindinga á íslenskum fjármálamarkaði.

Ekki er ljóst hvort flutningsmenn þingsályktunartillögurnar vilja beita sér fyrir afnámi verðtryggingar gagnvart lífeyrissjóðunum, a.m.k. er í greinargerð hvergi minnst beinum orðum á lífeyrissjóðina. Þá leggja flutningsmenn tillögunnar til að samtök lífeyrissjóðanna eigi ekki fulltrúa í þeirri nefnd, sem fjalla skal um afnám verðtryggingarinnar, og skýtur það frekari stoðum undir þá skoðun samtakanna að ekki sér gert ráð fyrir því að afnema verðtryggingu á eignum lífeyrissjóðanna. Ef sú skoðun samtakanna er hins vegar byggð á misskilningi, hlýtur það á hinn bóginn að sæta nokkurri furðu að ekki er ætlast til að samtök lífeyrissjóðanna skipi fulltrúa í umrædda nefnd.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

